

24. stjórnarfundur FUM
10. ágúst 2004 kl. 13:30
á bókasafni Kennaraháskóla Íslands

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir, Börkur A. Hansen, Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Kristín Guðmundsdóttir og Guðrún Geirsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt.
2. Tímaritið
Rætt um fyrirsjáanlegar tafir sem orðið hafa á útgáfu tímaritsins og lýstu fundarmenn yfir áhyggjum sínum af stöðunni. Ákveðið að boða til fundar með ritstjórn þann 35. ágúst kl. 13 og mun formaður staðfesta fundartíma.
3. Námsstefna í nóvember
Ákveðið var að halda námsstefnu í KHÍ þann 13. nóvember 2004. Rætt var um fyrirkomulag námsstefnu og ákveði að hefja daginn á pallborðsumræðu um nýjungar í rannsóknaraðferðum á sviði menntamála. Valdir verða þrír til fjórir þátttakendur í pallborð svo og umræðustjóri.
Gera á ráð fyrir góðu hádegishléi.
Eftir hádegi gefist þátttakendum kostur á að velja á milli stuttra námskeiða/kynninga á EndNote og/eða NVivo forritum
4. Önnur mál
Rætt um leiðir til að virkja félagsmenn og ákveðið að gera tilraun til að hefja umfjöllun um valdar greinar.
Bréf hefur borist frá Samkeppnisstofnun þar sem vakin er athygli á lögum um rafræn viðskipti og þjónustu og FUM hvatt til að aðlaga upplýsingagjöf á heimasíðu lén í samræmi við lög. Kristínu falið að skoða þau mál.
Bréf frá Rannís lagt fram en þar er farið fram á að félagið sendi eintak af skýrslum og bókum um verkefni á sviði menntarannsókna. Jóhönnu falið að svara því bréfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Guðrún Geirsdóttir